

Ytra mat leikskóla Sólborg Ísafirði

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið

Höfundar: Hrafnhildur Karlsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2013.

ISBN 978-9935-433-25-1

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn Sólborg	9
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Tölulegar upplýsingar	9
Starfsmannavelta	9
Húsnæði	9
Útileiksvæði	10
Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008	10
Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans	10
Skólafélag og áherslur sveitarfélagsins	10
Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur leikskólans	10
Skólanámskrá	12
Samræmi leikskólastarfsins við skólanámskrá	12
Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár	12
Stjórnun og starfsfólk	13
Stjórnskipulag og skipurit	13
Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál	14
Uppeldi, menntun og umönnun	15
Leikföng og efniviður	15
Líðan barna	16
Lýðræði og mannréttindi	16
Samskipti og hegðun.	16
Skólaþróun	16
Skólabragur og samskipti	17
Starfsandi	17
Jafnrétti	18
Mat á námi og velferð barna	18
Tækifæri til umbóta	19
Innra mat	19
Foreldrasamstarf og ytri tengsl	19
Foreldraráð og foreldrafélag	20
Samstarf leikskóla og grunnskóla	20
Annað samstarf	20
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	21
Samantekt	23
Tækifæri til umbóta	24
Lokaorð	25
Heimildir	26

Samantekt á niðurstöðum

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Sólborg á Ísafirði sem framkvæmt var á haustönn 2013. Þættirnir sem lagt var mat á eru leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta og sérkennsla.

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Sólborgar hófst 1. febrúar 1998. Starfsemi leikskólans er frá haustinu 2013 á tveimur starfsstöðvum. Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.¹ Leikskólinn hefur frá árinu 2006 starfað samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði sem starfsmenn og foreldrar eru almennt sáttir við. Samhliða endurskoðun námskrár fer fram fræðsla og þjálfun fyrir starfsfólk í að vinna samkvæmt þeirri hugmyndafræði. Stefna leikskólans samræmist skólastefnu sveitarfélagsins. Húsnæði leikskólans er vel nýtt og vinnu- og hvíldaraðstaða starfsmanna er rúmgóð. Leikskólinn uppfyllir ekki kröfur laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Hljóðvist þarf að bæta framan við deildir og í vinnuaðstöðu starfsmanna í Sólborg. Húsnæði nýrrar deildar fyrir fimm ára börn er rúmgott og vel nýtt. Huga þarf að úrbótum á útileiksvæði Eyrarsólar sem er deild fyrir fimm ára gömul börn á Ísafirði.

Skólanámskrá

Skólanámskrá uppfyllir skilyrði laga um leikskóla frá 2008 og aðalnámskrá frá 1999. Skólanámskrána þarf að uppfæra í samræmi við nýja aðalnámskrá leikskóla og er sú vinna hafin, meðal annars í formi þróunarvinnu. Allir starfsmenn koma að gerð skólanámskrár en tryggja þarf aðkomu barna og foreldra að þeirri vinnu. Í tengslum við námskrárgerðina þarf að huga að stöðu tilraunaverkefnisins með fimm ára deild sem staðsett er í öðru húsnæði og setja henni deildarnámskrá sem tengist skólanámskrá leikskólans.

Stjórnun og starfsfólk

Stjórnskipulag leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti. Verkaskipting stjórnenda er skýr og sátt ríkir um stjórnun leikskólans. Að sögn starfsmanna og foreldra hafa þeir gott aðgengi að stjórnendum og segja leikskólastjóra vera mjög sýnilegan. Skipurit leikskólans er skýrt en þörf er á að gera verkferla um ákvarðanatöku skýra og skriflega. Í leikskólanum var lítil starfsmannavelta fram til vorsins 2013. Almennt er skólabragur jákvæður í leikskólanum og móttaka nýliða er í góðum farvegi. Leikskólinn hefur mótað sér starfsmannastefnu. Í kjölfar hagræðingaraðgerða var þrengt að rekstri leikskólans með því að stytta starfsmannafundi og færa þá yfir á dagvinnutíma. Fram kom í samtali við starfsfólk að of lítt til tími gefist til að ræða um starfið. Allir starfsmenn fá starfsmannasamtöl reglulega. Móta þarf fjölmenningarstefnu fyrir leikskólann.

Uppeldi, menntun og umönnun

Námsumhverfi og aðbúnaður styður við uppeldi og menntun barnanna. Starfsemi leikskólans byggir á ákveðinni hugmyndafræði en huga þarf að því hvernig hún mætti vera betur sýnileg í daglegu starfi. Lögð er áhersla á leikinn og honum gefinn góður tími í dagskipulaginu. Leikskólinn er ágætlega búinn leikföngum og námsgögnum en þarft væri að skoða samsetningu þeirra í tengslum við hugmyndafræði leikskólans. Í leikskólanum er til áætlun um móttöku nýrra barna og skriflegar reglur um samskipti við börn og foreldra í upphafi og lok dags. Samskipti barna eru jákvæð og börn hafa áhrif á verkefnaval í hópastarfi en auka þarf áhrif barna almennt á skipulag og verkefnaval. Jafna þarf starfsaðferðir milli deilda varðandi þátttöku starfsmanna í leik barna.

¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Skólabragur og samskipti

Skólabragur er jákvæður og einkennist af trausti og góðu samstarfi. Starfsfólk ber traust til yfirmanna. Foreldrar eru ánægðir með dagleg samskipti við starfsmenn deilda og mikil ánægja er með samskipti við deildarstjóra og viðmót þeirra. Ljóst er að stofnun fimm ára deildarinnar Eyrarsólar haustið 2013 hefur komið róti á starfsmannahópinn og er því mikilvægt að fylgjast með líðan hans. Einnig þarf að huga að því hvernig hægt er að sameina starfsmannahópana í Sólborg og Eyrarsól í einn starfsmannahóp. Gera ætti verferla og ákvarðanatöku skýra og skriflega.

Innra mat

Framkvæmd innra mats er ekki í samræmi við lög um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla. Leikskólinn þarf að taka upp kerfisbundið innra mat og meta árangur og gæði skólustarfsins. Leggja þarf áherslu á að starfsmenn, foreldrar og börn taka þátt í matinu.

Mat á námi og velferð barna

Leikskólakennarar skrá ákveðna þætti um nám barnanna í möppu hvers barns. Leikskólinn hefur ekki mótað sér vinnuferla um mat á námi og velferð barna og ætti að þróa fjölbreyttar aðferðir við að safna, skrá og greina upplýsingar um þroska barns, nám vellíðan og færni. Fjalla þarf um vinnulagið í skólanámskrá. Leikskólinn hefur mótað eineltisáætlun sem mætti endurskoða með það í huga að gera hana ítarlegri.

Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Í leikskólanum er starfandi foreldraráð og foreldrafélag. Foreldrar eru ánægðir með samstarf við leikskólann og aðkomu sína að skólustarfinu. Einnig eru þeir ánægðir með þær upplýsingar sem leikskólinn veitir þeim og eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við leikskólann. Samræma þarf upplýsingar frá deildum á heimasíðu leikskólans.

Samstarf við grunnskólann er í föstum farvegi og vinna leik- og grunnskólakennarar saman að skipulagi þess.

Sérfræðipjónusta sveitarfélags og sérkennsla

Aðgangur leikskólans að sérfræðipjónustu er í samræmi við reglugerðir um sérfræðipjónustu sveitarfélaga. Stjórnendur og starfsmenn leikskólans eru sammála um að þeir hafi gott aðgengi að sérfræðingum á skólaskrifstofu. Sérkennsla er á ábyrgð sérkennslustjóra. Til er skriflegt ferli um hvernig vinna skuli ef grunur vaknar um að barn víki frá í þroska. Ferlið þarf að setja niður í mun ákveðnara form. Verkferlar eru fremur óljósir varðandi starf sérkennslustjóra og þarf að huga að því að gera þá skýra og skriflega. Leikskólinn ætti að móta sér stefnu í sérkennslumálum. Leikskólinn hefur ekki verkferla vegna hegðunarvanda barna og væri þarft að skoða það í tengslum við mótun sérkennslustefnu. Sérfræðipjónusta sveitarfélagsins mætti efla framboð á símenntun fyrir leikskólakennara og starfsfólk leikskólans.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Sólborg á Ísafirði. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Hrafnhildi Karlsdóttur og Kolbrúnu Vigfúsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 21.-23. október 2013. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur.

Í leikskólanum voru eftirfarandi þættir metnir: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðipjónusta og sérkennsla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.²

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og voru einnig hafðir til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar öfluðu upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi.³ Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 17. október á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaðila. Úttektaraðilar mættu í leikskólann 21. október og fengu kynningu á skólanum hjá leikskólastjóra. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Haldnir voru rýnifundir með stjórnendum (stjórnendur eru deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri), starfsmönnum, börnum í elsta árgangi leikskólans og foreldrum. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá voru tekin einstaklingsviðtöl við sérkennslustjóra, leikskólastjóra og formann fræðslunefndar. Skólaheimsóknin stóð yfir í þrjú daga, þ.e. 21.-23. október 2013. Heimsóttar voru fimm deildir og fylgst með mismunandi stundum í

² Lög um leikskóla nr. 90/2008.

³ Skólanámskrá og starfsáætlun, dagskipulag, ársskýrsla, símenntunaráætlun, áfallaáætlun, eineltisáætlun, niðurstöður ytramatssveitarfélags, skólastefna og jafnréttisstefna Ísafjarðarbæjar. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

fjölbreyttum verkefnum, svo sem morgunverði, leik, söngstund og skipulögðu starfi. Starfsmenn vissu hvaða daga matsmenn voru væntanlegir í vettvangsheimsókn en ekki á hvaða tíma. Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna á deildum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja stund. Leikskólastjóri hitti matsmenn í lok hvers dags og kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok síðasta dags og fá endurgjöf en enginn kennari nýtti sér það. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn og unnu þeir saman að úrvinnslu þeirra og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Leikskólinn Sólborg

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Sólborgar hófst 1. febrúar 1998 þegar tveir leikskólar, Hlíðarskjól og Skólaskjól, voru sameinaðir í nýbyggðu húsnæði við Torfanés.⁴ Leikskólinn Sólborg er staðsettur í grennd við miðbæ Ísafjarðar og eru íbúðir fyrir aldraða, heilsugæsla og kirkja í næsta nágrenni. Starfsemi leikskólans er frá haustinu 2013 á tveimur starfsstöðvum. Eyrarsól er ný deild sem opnuð var í tilraunaskyni haustið 2013. Eyrarsól er e.k. safndeild fyrir fimm ára gömul börn á Ísafirði, bæði börn sem hafa verið á Sólborg og í leikskólanum Eyrarskjóli. Deildin er í um 15 mínútna göngufæri frá Sólborg, á annarri hæð Sundhallarinnar við Austurveg, gegnt grunnskólanum á Ísafirði. Leikskólinn er opinn frá 7:45 til 16:30 alla virka daga.⁵

Tölulegar upplýsingar

Leikskólinn er í 833m² húsnæði, þar af er húsnæði Eyrarsólar 193 m². Í skólanum dvelja alls 112 börn á aldrinum eins og hálfis árs til sex ára, 55 stúlkur og 57 drengir. Börnunum er skipt á fimm deildir eftir aldri, þær heita Bót, Dokka, Eyrarsól, Krókur og Naust⁶. Fjöldi barna í hóp á yngri deildum Sólborgar er 17 börn, á aldrinum átján mánaða til þriggja ára, á miðdeildum 20 og 21 barn á aldrinum þriggja til fimm ára og 37 börn í elsta hópi. Fjögur börn fá skilgreinda sérkennslu og sjö börn eru af erlendum uppruna og eiga annað móðurmál en íslensku.

Við leikskólann starfa 34 starfsmenn í 29,11 stöðugildum. Hlutfall leikskólakennara af starfsmönnum á deildum er 10,5%. Annað fagfólk á deildum eru aðstoðarleikskólakennarar og leikskólaleiðbeinendur. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru í 100% stöðum og sérkennslustjóri í 60% starfshlutfalli. Fjórtán leiðbeinendur starfa á deildum. Utan deilda starfa matráður og fjórir starfsmenn í eldhúsi og þrifum. Allt starfsfólk leikskólans eru konur.

Starfsmannavelta

Í leikskólanum hefur verið lítil starfsmannavelta undanfarin ár. Breyting varð á því vorið 2013 þegar fimm starfsmenn hættu, þar með talinn sérkennslustjóri. Ráðnir voru nýjir starfsmenn í þeirra stað, þar af sérkennslustjóri í 60% starf. Auk þess var bætt við tveimur starfsmönnum vegna sérkennslu í samtals 81,25% stöðugildi. Vegna nýrrar deildar við leikskólann haustið 2013 voru ráðnir fjórir nýir starfsmenn.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.⁷ Í aðalbyggingu Sólborgar hefur hver deild til umráða leikstofu, hvíldarherbergi og snyrtingu. Auk þess er sameiginlegt rými fyrir framan leikstofu á öllum deildum. Þessi rými hafa verið stúkuð af með lausum flekum þannig að hver deild hefur sitt rými. Á öllum deildum eru þessi rými nýtt sem leikrými, auk þess sem þau eru nýtt á matmálstímum. Í þessum rýmum skapast nokkur hávaði vegna lélegrar hljóðvistar. Unnið er að úrbótum á þeim vanda. Aðstaða fyrir starfsmenn skiptist í skrifstofu leikskólastjóra, sérkennsluherbergi, kaffistofu og aðstöðu fyrir undirbúningsvinnu. Samkvæmt viðtölum við leikskólastjóra og stjórnendur (stjórnendur eru aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar) eru starfsmenn ánægðir með húsnæðið að undanskildum óþægindum vegna lélegrar hljóðvistar. Nýtt húsnæði í Eyrarsól stenst kröfur reglugerðar um leikskólahúsnæði.

⁴ Skólanámskrá Sólborgar.

⁵ Heimasíða Sólborgar.

⁶ Gögn frá leikskólastjóra.

⁷ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Útileiksvæði

Útileiksvæði í Sólborg er rúmgott og býður upp á fjölbreytta leiki og vinnu. Útileiksvæði Eyrarsólar er fyrir framan Sundhöllina, á milli hennar og grunnskólans, þar sem áður var umferðargata. Þar hafa verið sett niður leiktæki með öryggisundirlagi og svæðið girt af. Allt umhverfið er malbikað og býður leikskvæðið ekki upp á fjölbreytt tækifæri til leikja.

Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008

Foreldraráð var stofnað við leikskólann árið 2008.

Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans

Starfsmannafundum var fækkað úr 33 klst. á ári, utan dagvinnutíma, í 16 klst. á ári á dagvinnutíma. Ein af sparnaðarráðstöfunum var að loka leikskólanum í fimm vikur á sumrin vegna sumarleyfa starfsmanna, í stað fjögurra. Vegna mótmæla foreldra var það aðeins gert í eitt ár.

Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Ísafjarðarbær hefur mótað sér skólastefnu sem gildir fyrir leikskóla og grunnskóla. Einkunnarorð skólastefnunnar eru: **Virðing – ábyrgð – metnaður – gleði**. Á Ísafirði er starfrækt skólaþjónusta sem hefur rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar.⁸

Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans

Einkunnarorð Sólborgar eru **gleði, virðing, sköpun**. Leikskólinn Sólborg hefur starfað í anda hugmyndafræði Reggio Emilia, þar sem lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og takmarkalaust traust og virðingu fyrir barninu og getu þess til að afla sér reynslu og þekkingar.⁹ Að sögn leikskólastjóra var þessi hugmyndafræði innleidd haustið 2006 af starfsmönnum leikskólans.¹⁰ Í viðtali við leikskólastjóra kemur fram að sérstaklega er unnið með þessa aðferðafræði í hópstarfi og þar vinni hver deildarstjóri með öll námssvið leikskólans.¹¹ Í starfi leikskólans er lögð áhersla á leikinn og fjölbreyttar vettvangsferðir sem tengjast viðfangsefnum barnanna. Leikskólinn hefur sett sér þema í leikskólastarfinu sem er „**Ég sjálf, barnið**“. Þemað er þrjúþætt út frá aldri barna; ég sjálf, fjölskyldan mín og samfélagið. Þemað er unnið í hópstarfi og í daglegu starfi. Unnið er með könnunaraðferðina (e. project approach) sem byggir á þeirri hugmynd að virkni og áhugi barna sé forsenda þess að nám þeirra beri árangur. Börnin vinna að ákveðnu viðfangsefni sem þau hafa valið sér og lögð er áhersla á samvinnu, lýðræðisleg vinnubrögð og virka þátttöku þeirra. Að sögn starfsmanna eru þeir vel upplýstir um hugmyndafræði leikskólans og hafa sumir ráðið sig til starfa við leikskólann vegna hennar. Að sögn foreldra þekkja þeir hugmyndafræði leikskólans og lýstu yfir ánægju með hana.¹² Stefna leikskólans er aðgengileg í skólanámskrá á heimasíðu leikskólans.¹³

Eins og áður hefur komið fram var opnuð deild fyrir öll fimm ára börn á Ísafirði haustið 2013. Ástæðan var skortur á leikskólaplássum fyrir börn á Ísafirði og er lausnin hugsuð sem tilraun í tvö ár. Deildin heitir Eyrarsól og er hluti af leikskólanum Sólborg. Börnin á deildinni koma frá leikskólunum Sólborg og Eyrarskjóli. Einkunnarorð deildarinnar eru **vinátta, virðing, vitund**. Í Eyrarsól er ekki unnið samkvæmt hugmyndafræði Reggio Emilia og segja stjórnendur það vera vegna þess að börnin á deildinni komi úr tveimur leikskólum með ólíka stefnu, Reggio Emilia og Hjallastefnu. Fram kom hjá starfsmönnum að

⁸ Heimasíða Ísafjarðarbæjar.

⁹ Skólanámskrá Sólborgar.

¹⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

¹¹ Viðtal við leikskólastjóra.

¹² Rýnihópaviðtöl við starfsmenn og við foreldra.

¹³ Heimasíða leikskólans.

deildin innleiði mögulega sömu stefnu og Grunnskólinn á Ísafirði, en það er Uppbyggingarstefnan. Hjá foreldrum barna á Eyrarsól kom fram mikil ánægja með þessa nýju deild.¹⁴

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.¹⁵
- Leikskólinn starfar samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði sem flestir starfsmenn þekkja og eru stoltir af. Þróunarverkefni er nú í gangi sem miðar að því að auka þekkingu starfsmanna á þessari hugmyndafræði enn frekar.
- Í leikskólanum er lögð áhersla á leikinn sem námsleið barnanna og fær hann gott rými í dagskipulagi.
- Starfsmannavelta hefur ekki verið mikil í leikskólanum.
- Húsnæði er bjart og rúmgott og vel nýtt.
- Foreldraráð var stofnað 2008.

Tækifæri til umbóta

- Stefna ætti að því að finna leiðir til að fjölga leikskólakennurum við skólann þar sem leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði í lögum nr. 87/2008, um menntun og ráðningu kennara.¹⁶
- Lagfæra þarf hljóðvist í sameiginlegu leikrými í Sólborg.
- Eyrarsól starfar ekki eftir sömu hugmyndafræði og Sólborg, þrátt fyrir að vera hluti af leikskólanum. Vinna við stefnumörkun deildarinnar ætti að markast af því að nám barnanna samræmist starfi Sólborgar svo finna megi heildarsýn og samfellu í hugmyndafræði leikskólans alls.
- Brýnt er að huga að útbótum á útileiksvæði Eyrarsólar.
- Finna þarf Eyrarsól stað innan skipurits Sólborgar.
- Leita þarf leiða til að meta árangur tilraunaverkefnisins vegna fimm ára barnanna þegar því lýkur.

¹⁴ Rýnihópaviðtal við foreldra.

¹⁵ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

¹⁶ Lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Skólanámskrá

Skólanámskrá Sólborgar var gefin út árið 2008 og uppfyllir skilyrði nýrra laga um leikskóla og aðalnámskrá frá 1999. Skólanámskráin hefur verið uppfærð reglulega og samræmist skólastefnu Ísafjarðarbæjar og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár og er stefnt að útgáfu haustið 2014.¹⁷ Vinna við endurskoðun skólanámskrár fer fram á starfsdögum og starfsmannafundum og koma allir starfsmenn að þeirri vinnu. Nýlega fékkst leyfi fyrir auka starfsdegi til að vinna að gerð námskrárinnar. Gert er ráð fyrir að leitað verði eftir hugmyndum barna og foreldra um áherslur og skipulag leikskólastarfsins. Í tengslum við endurskoðun skólanámskrár er jafnframt unnið að því að efla skilning starfsmanna á hugmyndafræði Reggio Emilia og festa hana betur í sessi í öllu almennu starfi leikskólans. Unnið er að þróunarverkefni sem hefur það að markmiði að viðhalda og bæta þekkingu meðal kennara og starfsmanna á hugmyndafræði Reggio Emilia í leikskólanum.

Fram kom í rýnihópi stjórnenda og viðtali við leikskólastjóra að ætlunin er að gera sérstaka námskrá fyrir fimm ára deildina. Starfsmenn deildarinnar vinna að gerð námskrárinnar ásamt leikskólastjóra. Gert er ráð fyrir að börnin komi að þessari vinnu með starfsmönnum. Í rýnihópi foreldra kom fram að ekki þekktu allir til núverandi skólanámskrár.¹⁸

Samræmi leikskólastarfsins við skólanámskrá

Áherslur í námskrá koma flestar fram í starfi leikskólans. Námskrá leikskólans er frá 2008 og þess vegna hefur leikskólinn ekki tekið inn áherslur nýrrar aðalnámskrár um grunnþætti menntunar eða námssvið leikskóla. Dagskipulag leikskólans er grundvöllur þess hvernig stefnu og markmiðum er náð fram í leikskólastarfinu og einkennist það af föstum athöfnum sem taka mið af þörfum barna, þroska þeirra og aldri. Samkvæmt dagskipulaginu, sem finna má á heimasíðu leikskólans, byggist starfið á frjálsum leik inni og úti og hópastarfi, svo sem myndlist, tónlist, hreyfingu, söngstundum og samverustundum, matmálstímum og hvíld.¹⁹

Í vettvangsathugun kom fram að nokkuð skortir á að hugmyndafræði Reggio Emilia sé sýnileg í frjálsa leiknum. Í sumum tilfellum vantar á að starfsmenn fylgi þeirri reglu að fylgjast með líðan hvers og eins. Einnig skorti á að börnin hefðu næg tækifæri til frjálsrar sköpunar. Útivera er fyrir og eftir hádegi á öllum deildum en börnin fara ekki öll út í einu. Það er gert til þess að nýta betur leiksvæði úti og inni. Í tengslum við hópastarf fara börnin í vettvangsferðir upp í hlíð eða niður í fjöru.

Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár

Sem fyrr segir koma allir starfsmenn leikskólans að gerð nýrrar skólanámskrár. Sett hefur verið upp skrifleg verkáætlun um vinnu við skólanámskrárgerð fyrir skólaárið 2013-2014.²⁰ Fram kom í rýnihópaviðtali við starfsmenn og stjórnendur að mikill áhugi er fyrir þessu verkefni. Starfsmenn vinna saman í minni hópum til að lesa og ræða hvern þátt í aðalnámskrá leikskóla og bera saman við núverandi námskrá leikskólans og hugmyndafræði.

Styrkleikar

- Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár og koma allir starfsmenn að þeirri vinnu.
- Gert er ráð fyrir að börn komi að vinnu við skólanámskrárgerð.
- Samhliða endurskoðun námskrárinnar fer fram fræðsla og þjálfun í að vinna samkvæmt hugmyndafræði leikskólans.

¹⁷ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópaviðtal við stjórnendur.

¹⁸ Rýnihópaviðtal við foreldra.

¹⁹ Dagskipulag leikskólans.

²⁰ Auglýsing undirrituð af leikskólastjóra 9. ágúst 2013.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf við gerð nýrrar skólanámskrár fyrir árið 2015.
- Gera þarf hugmyndafræði leikskólans sýnilegri í öllu starfi leikskólans.
- Huga þarf að aðkomu foreldra við gerð skólanámskrár.
- Lagt er til að gerð verði deildarnámskrá fyrir Eyrarsól til tveggja ára sem tengist skólanámskrá Sólborgar.
- Brýnt er að allir starfsmenn fylgi þeirri reglu að fylgjast með líðan barna í öllum aðstæðum.

Stjórnun og starfsfólk

Rekstraraðili leikskólans Sólborgar er Ísafjarðarbær. Eins og fyrr segir starfrækir sveitarfélagið skólaþjónustu sem hefur rekstrarlegt og faglegt eftirlit með skólum sveitarfélagsins. Á vegum sveitarfélagsins starfar einnig fræðslunefnd, skipuð fimm fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af bæjarstjórn. Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra í Ísafjarðarbæ eiga rétt til setu á fundum fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk nefndarinnar er að marka stefnu sveitarfélagsins í skólamállum, fylgjast með og stuðla að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu, aðbúnaður sé fullnægjandi og að unnið sé skv. lögum.²¹ Leikskóla-, daggæslu- og sérkennslufulltrúi starfar á skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar. Í samtali við formann fræðslunefndar kom fram að fræðslunefnd hefur virkt eftirlit með störfum skólans, farið er yfir foreldrakannanir og brugðist við því sem þar kemur fram, starfsskýrslur eru rýndar og hugað að hvaða markmið skólinn setur sér með skólastjóra og einnig er samvinna um form skýrslna og eðli upplýsinga sem skólar í sveitafélaginu skila til fræðslunefndar. Ekki hafa komið upp formleg mál í tengslum við starfsemi leikskólans og formaður fræðslunefndar nefnir að leikskólinn fái almennt mjög góða umsögn í foreldrakönnun. Það sem kvartað hefur verið yfir er hljóðvist og einnig hafa komið ábendingar um að huga þurfi að hæð girðingar vegna snjóalaga.

Leikskólastjóri Sólborgar hóf störf í ársbyrjun 2006. Hann leggur áherslu á að leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar séu stjórnunarteymi leikskólans. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa gert með sér skriflegan samstarfssamning þar sem þeir skipta með sér verkum er lúta að stjórnun skólans. Deildarstjórar eru stjórnendur á sinni deild og bera ábyrgð á starfsemi hennar. Þeir funda reglulega og eru deildarstjórafundir meðal annars vettvangur fyrir þá til að styðja og styrkja hvern annan. Verkerlar varðandi ábyrgð deildarstjóra eru ekki skriflegir.²² Leikskólastjóri fundar einu sinni í mánuði með leikskólafulltrúa ásamt öðrum leikskólastjórum og aðstoðarleikskólastjórum sveitarfélagsins.

Stjórnskipulag og skipurit

Ekki er til skipurit fyrir leikskólann en í skólanámskrá er greint frá þeim stöðum sem eru við leikskólann og hlutverkum stjórnenda, kennara, leiðbeinenda, sérkennslustjóra, matráðs og annarra starfsmanna.²³ Að sögn starfsmanna hafa þeir gott aðgengi að stjórnendum, þeir segja leikskólastjóra vera mjög sýnilegan og koma reglulega inn á deildir og alltaf í byrjun og lok dags. Þá segjast starfsmenn vera ágætlega upplýstir um boðleiðir og hvert eigi að leita með einstaka mál. Í samtölum við foreldra, starfsmenn og stjórnendur kom fram almenn ánægja með stjórnun leikskólans og aðgengi að leikskólastjóra. Ákvarðanatoka innan leikskólans er skilvirk að mati stjórnenda og starfsmanna. Í samtali við starfsmenn kom fram að oftast væri hlustað á raddir þeirra varðandi breytingar og að þeir telji sig þekkja alla verkerla innan skólans.²⁴ Í rýnihópi elstu barna kom fram að þau vita hvað leikskólastjórinn heitir en aðspurð um hvað hann geri sögðu þau að hann kæmi stundum að passa þau þegar kennararnir væru á fundum.

²¹ Heimasíða Ísafjarðarbæjar.

²² Viðtal við leikskólastjóra.

²³ Skólanámskrá Sólborgar.

²⁴ Rýnihópaviðtal við starfsmenn.

Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál

Leikskólinn gaf út sína fyrstu starfsáætlun í október 2013, eins og lögbundið er. Hana er að finna á heimasíðu leikskólans. Þar er meðal annars farið yfir fjölda starfsmanna og stöðugildi, fundi, námskeið, foreldrasamstarf og skóladagatal. Leikskólastjóri hefur einnig skilað inn ársskýrslu til sveitarfélagsins. Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu. Þar kemur meðal annars fram að leikskólinn vilji að börnum og foreldrum sé sýnt hlýtt viðmót og að starfsmenn leggi sig fram um að veita góða þjónustu.²⁵ Fram kom í samtali við starfsfólk að of lítil tími gefist til að ræða um starfið. Allir starfsmenn fara í starfsmannasamtal einu sinni á ári. Síðast liðið ár var gerð sú breyting að deildarstjórar tóku starfsmannasamtöl við starfsmenn sinnar deildar, sem leikskólastjóri annaðist áður. Leikskólastjóri tekur samtöl við aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra, sérkennslustjóra, afleysingafólk og starfsmenn eldhúss. Hann hyggst í ár bjóða eða boða starfsmenn deilda aukalega til sín í starfsmannasamtal og ræða um líðan, óskir um endurmenntun og hvort gera má betur í starfinu. Annars hafa deildarstjórar látið vita um óskir um símenntun.²⁶ Í samtali við starfsmenn leikskólans kom fram að hluti þeirra er mjög ósáttur við að tala við deildarstjóra í starfsmannasamtali þar sem þeir vinni mjög náið með honum allan daginn. Þeir velta því fyrir sér hvernig skilaboðum er komið áfram til leikskólastjóra.

Áfallaáætlun, eineltisáætlun, áætlun um móttöku nýrra starfsmanna og símenntunaráætlun er á heimasíðu skólans.²⁷ Leikskólinn hefur ekki mótað sérstaka fjölmenningsstefnu. Leikskólinn og sveitarfélagið ættu að huga að gerð viðbragðsáætlunar ef vá ber að höndum sem tengist öllu samfélaginu, svo sem vegna mikils óveðurs eða snjóflóða. Sveitarfélagið hefur gefið út jafnréttisáætlun, forvarnarstefnu og skólastefnu Ísafjarðarbæjar, sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins.²⁸

Styrkleikar

- Stjórnskipulag leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Samvinna stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins er góð og þessir aðilar funda reglulega.
- Samvinna leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er góð og verkaskipting skýr, þeir hafa gert með sér samtarfssamning.
- Ákvarðanatöku er í höndum leikskólastjóra og stjórnunarteymis.
- Almenn sátt ríkir um stjórnun leikskólans meðal starfsmanna.
- Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu.
- Allir starfsmenn fara reglulega í starfsmannasamtal.
- Ítarleg og greinargóð áætlun um móttöku nýrra starfsmanna er á heimasíðu leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að gera skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans og gera formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn leikskólans. Í tengslum við skipuritið ætti leikskólinn að gera verkferla um ákvarðanatöku skýra og skriflega.
- Leikskólinn ætti að huga að því að gera skriflega viðbragðsáætlun ef vá ber að höndum sem tengist öllu samfélaginu, svo sem vegna mikils óveðurs eða snjóflóða.

²⁵ Heimasíða Sólborgar.

²⁶ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁷ Heimasíða Sólborgar.

²⁸ Heimasíða Ísafjarðarbæjar.

- Eineltisáætlun leikskólans mætti vera ítarlegri, bæði varðandi á hvaða stöðum og tímum starfsmenn þurfa að vera vakandi fyrir samskiptum barnanna, og einnig varðandi frekari möguleg úrræði. Þá ætti að koma fram hvað leikskólinn hyggst gera til þess að fyrirbyggja einelti, svo sem með markvissri fræðslu um einelti, athugunum á samskiptum og könnun á líðan barnanna.
- Huga þarf að gerð fjölmenningsstefnu fyrir leikskólann.

Uppeldi, menntun og umönnun

Í aðalnámskrá leikskóla er að finna áherslu á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Þar segir: Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.²⁹

Í daglegu starfi leikskólans Sólborgar er lögð áhersla á leikinn sem aðal námsleið barnanna. Á eldri deildum er val þar sem börnin velja leiksvæði eftir ákveðnu kerfi. Á yngri deildum er ekki val en börnin fá ákveðið leikefni undir stjórn starfsmanna. Þar er meðal annars unnið með Könnunarleikinn. Í honum er unnið með verðlaust efni sem hefur þann tilgang að veita börnunum tækifæri til að skoða og rannsaka án afskipta fullorðinna. Í vettvangsathugun var lítið hægt að merkja hugmyndafræði Reggio Emilia í frjálsum leik og ekki var unnið með könnunarleikinn á yngri deildum meðan á vettvangsathugun stóð en efniviður vegna hans var sýnilegur. Nokkurs misræmis gætti milli deilda varðandi aðkomu starfsmanna að leik barna og í samskiptum við þau. Í hluta leikskólans voru þessi samskipti í góðu lagi þar sem starfsmenn tóku þátt í leik á forsendum barnanna og ræddu við þau, bæði í leikstundum og við matarborð. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum, stjórnendum og foreldrum er lögð mikil áhersla á að vinna samkvæmt hugmyndafræði Reggio Emilia, sérstaklega í hópavinnu, og á leikurinn að einkenna þá vinnu.³⁰ Hópastarf er á öllum deildum og verkefni aðlöguð að aldri og þroska barnanna. Í hópastarfi er unnið með könnunaraðferðina (*e. project approach*). Tilgangurinn með þeirri vinnu er að fá fram skoðanir og langanir barnanna og skipuleggja þema hópsins út frá því. Börnin vinna saman í föstum hópum og fyrsta verkefni í hverjum hópi er að finna sameiginlega nafn á hópinn. Samkvæmt dagskipulagi er þessi vinna daglega fyrir hádegi í einn og hálfan tíma. Á veggjum í fataklefa má sjá upplýsingar um þessa hópavinnu þar sem fram kemur hvað hver hópur heitir og hvert þema hans er. Í rýnihópaviðtali við foreldra kom fram ánægja með þessa vinnu.³¹ Úttektaraðilar fylgdust með slíkri vinnu í framkvæmd á annarri af eldri deildum leikskólans.

Leikföng og efniviður

Efniviður og leikföng eru blanda af því sem kallað er opinn efniviður (kubbar og endurnýtanlegt efni) og tilbúnum leikföngum (bílum, dúkkum, o.fl.). Að sögn stjórnenda er leikskólinn vel settur hvað varðar leikfangakost. Meira er um opinn efnivið á eldri deildum og þar er lögð áhersla á að börnin geti mótað leikinn. Á yngri deildum er meira um tilbúin leikföng en þó er einnig boðið upp á leikföng eins og kubba og endurnýtanlegt efni. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að mikið er af góðum efniviði úr náttúrunni, bæði fjalli og fjöru, sem notaður er í skapandi starfi. Í sameiginlegu rými á eldri deildum er uppsett efnisveita, Re-Mida. Í efnisveitu er safnað saman allskonar úreltum hlutum, efnisafgöngum og umbúðum til að nýta í skapandi starfi með börnum.³²

²⁹ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

³⁰ Rýnihópaviðtöl við starfsmenn, við stjórnendur og við foreldra.

³¹ Rýnihópaviðtal við foreldra.

³² Heimasíða Sólborgar.

Líðan barna

Að sögn leikskólastjóra er áhersla lögð á starfsemi og umhverfi sem stuðlar að góðri líðan barna. Leikföng eru valin með það í huga að mæta þörfum allra aldurshópa. Lögð er áhersla á að mæta öllum börnum eins og þau eru með umhyggju og áhuga. Reglur eru um hvernig tekið er á móti börnum og hvernig þau eru kvödd. Skriflegir verkferlar eru um aðlögun nýrra barna en ekki um aðlögun milli deilda. Deildarstjórar geta kallað sérkennslustjóra inn á deild til að fylgjast með líðan og atferli barna. Í vettvangsathugun kom í ljós að börnin voru glöð og áhugasöm í leiknum og samskipti þeirra góð, lítið var um árekstra milli þeirra. Að sögn barna í rýnihópi er gaman í leikskólanum og þau hafa tækifæri til að fást við margskonar verkefni. Allir starfsmenn leikskólans bentu á að slæm hljóðvist á leikskvæði barnanna í Sólborg hefði slæm áhrif á alla, jafnt börn sem fullorðna.

Lýðræði og mannréttindi

Að sögn stjórnenda og starfsmanna hafa þeir velt fyrir sér hugtakinu lýðræði í tengslum við endurskoðun skólanámskrár. Ljóst er að mati starfsmanna að aldur og þroski barna ræður til um hversu mikil áhrif börnin geta haft á ákvarðanatöku í leikskólanum. Á Eyrarsól, deild fimm ára barna, er fyrirhugað að börnin taki þátt í vinnu við nýja skólanámskrá. Í rýnihópi með fimm ára börnum kom fram að þau telja sig ekki ráða miklu í leikskólanum en þau sögðust þó hafa tekið þátt í að setja reglur fyrir deildina.³³ Að sögn stjórnenda er reynt að gefa yngri börnunum (1½-4 ára) ákveðið val en það eru alltaf þeir fullorðnu sem taka endanlega ákvörðun.³⁴ Fram kom í rýnihópi starfsmanna að börnin geti haft mikil áhrif á verkefnavalið og voru nefnd dæmi úr hópastarfi: „Við byrjuðum á að skoða skordýr, fórum í skóginn en þau voru öll dáin, þá ákváðum við að hafa hákarlaþema en enginn áhugi var hjá börnunum svo að skordýrin eru aftur komin í verkefnið“.³⁵

Samskipti og hegðun

Ekki eru til skriflegir verkferlar varðandi aga- og hegðunarvandamál og ekki eru samræmdar reglur um hvernig beri að taka á þeim málum. Fram kom í viðtölum við starfsmenn og stjórnendur að lítið er um slík vandamál í barnahópnum. Lögð er áhersla á að samskipti við einstaka börn einkennist af hlýju og virðingu. Í vettvangsathugun kom í ljós að starfsmenn virðast ekki alltaf hafa næga yfirsýn yfir barnahópin og samskipti barnanna í hópnum.

Skólaþróun

Unnið er að þróunarverkefni sem hefur það markmið að viðhalda og bæta þekkingu meðal kennara og starfsmanna á hugmyndafræði Reggio Emilia í leikskóla.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á leikinn sem námsleið.
- Leikföng og efniviður leikskólans er aðgengilegur fyrir börn og starfsfólk.
- Dagskipulag leikskólans er sýnilegt.
- Börn hafa áhrif á verkefnaval í hópastarfi.
- Leikskólinn hefur gert áætlun um aðlögun nýrra barna og gerði síðast liðið haust tilraun með þátttöku aðlögun.

³³ Rýnihópaviðtal við börn.

³⁴ Rýnihópaviðtal við stjórnendur.

³⁵ Rýnihópaviðtal við starfsmenn.

- Skriflegar reglur eru um hvernig tekið er á móti börnum í upphafi dags og hvernig þau eru kvödd í lok dags.
- Lögð er áhersla á að skapa gott traust á milli leikskólans og foreldra og að mæta öllum börnum á þeirra forsendum.
- Samskipti í barnahópnum eru jákvæð.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að hvernig hægt er að auka áhrif barna á skipulag og verkefnaval í leikskólanum.
- Jafna þarf starfsaðferðir milli deilda varðandi þátttöku starfsmanna í leik.
- Huga þarf að því hvernig hugmyndafræðin getur orðið sýnilegri í frjálsum leik og hvernig hann er nýttur sem námsleið.
- Verkferlar vegna hegðunarvanda barna ættu að vera skriflegir.
- Gera þarf skriflega verkferla um færslu barna milli deilda.
- Huga mætti að vali á leikföngum og efniviði út frá hugmyndafræði leikskólans og nýtingu efnisveitunnar, Re-Midu.

Skólabragur og samskipti

Starfsmenn hafa skráð leiðarljós í samskiptum og þau er að finna á heimasíðu leikskólans. Þar er meðal annars lögð áhersla á gott upplýsingastreymi, að starfsmenn virði og hrósi og hvetji hver aðra til sjálfstæðis og frumkvæðis og að starfsmenn hlusti og virði skoðanir annarra.³⁶

Fram kemur í samtali við leikskólastjóra að hann telji að góður starfsandi einkenni skólann og að leiðarljósið sé að láta öllum líða vel og reyna að leysa þau mál sem upp koma. Í rýnihópum starfsmanna og leikskólakennara kemur fram að þeir eru vel upplýstir og meðvitaðir um stefnu skólans og að þeir sameinast í henni. Bæði leikskólakennarar og aðrir starfsmenn leikskólans segja að leikskólastjóri fylgist vel með starfi þeirra og hrósi þeim fyrir það sem vel er gert.³⁷

Starfsandi

Starfsandi er góður í leikskólanum að mati stjórnenda og starfsmanna. Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna hjá leikskólum Ísafjarðarbæjar, sem gerð var 2012, voru starfsmenn Sólborgar m.a. spurðir um líðan í starfi. Niðurstöður könnunarinnar sýna að 90,9% starfsmanna líður oftast vel í starfi og 9,1% stundum. Einnig voru starfsmenn spurðir hvernig þeim líður í starfsmannahópnum; 100% svarenda líður oftast vel í starfsmannahópnum. Í könnuninni var þátttakendum gefinn kostur á að senda inn svokölluð opin svör um annað sem þeir vildu koma á framfæri. Þar kom m.a. fram að mikið skipulagt starf og flókin dagskrá skapi oft á tíðum streitu í starfsmannahópi og barnahópnum. Áhyggjur komu einnig fram vegna hraða og stýringar sem gangi út á að þjóna þörfum fullorðna fólksins, fremur en barnanna.³⁸

Foreldrar í rýnihópi sögðu starfsmenn leikskólans vera frábæra, að þeim virtist ekki leiðast í vinnunni og að börnunum liði vel. Eitt foreldri nefndi óánægju með yfirsýn starfsmanna vegna samskipta barna.

³⁶ Heimasíða leikskólans.

³⁷ Rýnihópaviðtal við starfsmenn.

³⁸ Heimasíða Ísafjarðarbæjar.

Eins og áður hefur komið fram var ný deild fyrir fimm ára börnin opnuð haustið 2013. Sú ákvörðun var tekin af sveitarstjórn. Fram kom í rýnihópum leikskólakennara og starfsmanna að ákvörðunin hafi haft mikil áhrif á starfsandann í leikskólanum og valdið óryggi, ósætti og vanlíðan í starfsmannahópnum. Starfsmenn sögðust sakna elsta árgangsins í leikskólanum og segja að ekki hafi verið hlustað á óskir þeirra og tillögur. Leikskólastjóri segir að sátt ríki nú innan leikskólans og að starfsmenn séu tilbúnir til að vinna áfram gott leikskólastarf. Fram kom í rýnihópum stjórnenda og starfsmanna að þeir starfsmenn sem vinna í Eyrarsól upplifa sig ekki sem hluta af starfsmannahópi Sólborgar.

Jafnrétti

Skólinn hefur ekki sett sér eigin jafnréttisstefnu en styðst við jafnréttisáætlun Ísafjarðarbæjar. Í kaflanum Leik- og grunnskólar í jafnréttisstefnu Ísafjarðarbæjar segir að við stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi skuli samþætting kynjasjónarmiða höfð að leiðarljósi með vísan til 23. gr. í jafnréttislögum.³⁹

Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir telji að allir séu jafnir í leikskólanum, sama hverjar aðstæður barns eru.

Styrkleikar

- Almennt er skólabragur jákvæður í leikskólanum.
- Í viðtölum við leikskólakennara, starfsmenn og leikskólastjóra kemur fram að starfsandi er góður í leikskólanum og að fólki líður vel í vinnunni.
- Móttaka nýliða er í góðum farvegi.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að því hvernig hægt er að sameina starfsmenn Sólborgar og Eyrarsólar í einn samheldinn starfsmannahóp, meðal annars í vinnu við nýja skólanámskrá.

Mat á námi og velferð barna

Í rýnihópi stjórnenda kom ekki skýrt fram hvernig þeir meta þroskastöðu og líðan barnanna eða hvernig lista eða skráningar þeir nota til þess. Kennararnir nefndu að þeir haldi utan um stöðu hvers barns með skráningum í einstaklingsmöppur.

Í fyrrnefndri viðhorfskönnun meðal starfsmanna í leikskólum Ísafjarðarbæjar frá 2012 voru starfsmenn Sólborgar spurðir hvernig þeir telji almenna líðan barnanna vera; 9,1% svarenda telja hana vera mjög góða og 90,9% góða. Ísafjarðarbær lét einnig gera könnun meðal foreldra leikskólabarna árið 2012. Foreldrar voru einnig spurðir um hvernig þeir teldu almenna líðan barnanna vera; 70,3% svarenda úr hópi foreldra barna í Sólborg töldu að barninu þeirra liði mjög vel og 29,7% að því liði frekar vel.⁴⁰ Leikskólinn hefur ekki gert könnun meðal barnanna um líðan þeirra en í samtali við börn í elsta hópi leikskólans sögðu þau að þeim liði vel í leikskólanum. Leikskólinn hefur ekki mótað sér vinnuferla um mat á námi og velferð barna og ætti að þróa fjölbreyttar aðferðir við að safna, skrá og greina upplýsingar um þroska barns, nám, vellíðan og færni.

Styrkleikar

- Leikskólakennarar skrá stöðu barna í einstaklingsmöppur.

³⁹ Heimasíða Ísafjarðarbæjar.

⁴⁰ Heimasíða Ísafjarðarbæjar.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn ætti að gera verkferla um hvernig skuli að mati á námi og velferð barnanna, sbr. 10. kafla í aðalnámskrá leikskóla. Þar komi fram hvað lagt er til grundvallar í skráningunni.
- Foreldrar og börn ættu að koma að matinu.
- Fjalla þarf um vinnulagið í skólanámskrá.

Innra mat

Leikskólinn hefur ekki framkvæmt innra mat með kerfisbundnum hætti, eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla. ECCERS kvarðinn hefur verið notaður en samkvæmt samtali við leikskólustjóra er í skoðun hjá leikskólum Ísafjarðarbæjar að nota sömu matstæki í öllum leikskólunum. Á deildarfundum er rætt um starfið og niðurstöður skráðar í fundargerðarbækur. Ef eitthvað kemur fram sem þarfnast úrbóta er því fylgt eftir. Ekki eru gerðar sérstakar umbótaáætlanir í tengslum við endurmatið. Ekki hefur verið gerð áætlun um innra mat til lengri eða skemmri tíma.⁴¹

Styrkleikar

- Rætt er um einstök mál á deildarfundum, metið og skráð hvernig gengur.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn taki upp kerfisbundið innra mat og leggi mat á árangur og gæði skólastarfsins. Byggt sé á gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni.
- Leggja ætti áherslu á að starfsmenn, foreldrar, börn og foreldraráð taki þátt í matinu eftir því sem við á.
- Stefna ætti að því að hafa matið umbótamiðað, það nái til allra helstu þátta skólastarfsins og að helstu niðurstöður og umbótaáætlun verði birtar á heimasíðu skólans.
- Leikskólustjóri beri ábyrgð á framkvæmd matsins og fylgir eftir umbótum sem byggðar eru á niðurstöðum þess.

Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Ísafjarðarbær lagði eins og fyrr segir fyrir viðhorfskönnun fyrir foreldra í október 2012. Niðurstöður sýndu að flestir foreldrar eru ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fá í byrjun leikskólagöngu barns. Ánægja var með dagleg samskipti foreldra við starfsmenn deilda og mikil ánægja með samskipti við deildarstjóra. Einnig kom fram mikil ánægja með samskipti við leikskólustjóra. Helmingur foreldra var ánægður með kynningu á nýjum starfsmönnum.

Sólborg hefur ekki lagt fyrir sérstaka viðhorfskönnun fyrir foreldra barna í leikskólanum. Í samtali við foreldra kom fram ánægja með starfsmenn skólans og að þeir finni sig ávallt velkomna í leikskólann. Foreldrar sögðust vera sáttir við fyrirkomulag foreldrasamvinnunnar, þeim er boðið í kaffi á foreldradögum, á myndlistarsýningar og í skróðgöngu á sólardaginn. Þá eru sérstakir dagar þar sem ömmur og afar eru sérstaklega boðin velkomin í kaffi. Foreldrar segjast vera ánægðir með foreldraviðtölin sem eru tvisvar á ári, þar sem farið er yfir upplýsingar varðandi stöðu og þroska barnsins. Á heimasíðu leikskólans er foreldrahandbók, þar sem meðal annars er að finna hugmyndafræði

⁴¹ Upplýsingar frá leikskólustjóra.

skólans, skóladagatal, matseðil, fréttabréf og fleiri hagnýtar upplýsingar. Hver deild hefur sitt svæði á heimasíðunni með upplýsingum er þær varða. Í samtali við foreldra kom fram að þeir eru ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fá frá leikskólanum. Foreldrar sögðu samskipti heimilis og leikskóla fara fram í daglegum samskiptum, tölvupósti, upplýsingum á heimasíðu, á upplýsingatöflum í anddyri skólans, í fréttabréfum og á kynningarfundum. Í samtali við foreldra kom fram að þeir hefðu áhyggjur af því að foreldrar af erlendum uppruna fengju öll skilaboð um leikskólastarfið á íslensku og veltu því fyrir sér hvort hægt væri að koma til móts við þá í þessum efnum.

Foreldraráð og foreldrafélag

Foreldraráð hefur verið starfrækt við leikskólann frá því í október 2008. Í stjórn ráðsins sitja þrjár fulltrúar foreldra.⁴² Í samtali við leikskólastjóra kom fram að ýmis mál eru borin undir ráðið, t.d. sumarlokanir leikskólans. Leikskólastjóri fundar ekki reglulega með foreldraráði, heldur fer það eftir fundarefni á hverjum tíma.

Foreldrafélag er starfrækt við leikskólann. Markmið félagsins er að stuðla að velferð barna með því meðal annars að vinna að aukinni samvinnu foreldra og starfsmanna, að auka samvinnu foreldra innbyrðis um starfsemi og aðbúnað leikskólans og að leggja hagsmunum barna lið, bæði innan leikskólans og út á við. Kosning til stjórnar fer fram á aðalfundi foreldrafélagsins.⁴³

Samstarf leikskóla og grunnskóla

Samstarf á milli leikskóla og grunnskóla á Ísafirði er í nokkuð föstum skorðum. Kennarar við leik- og grunnskólana funda í maí ár hvert og ræða um væntanlega nemendur fyrstu bekkja. Kennarar beggja skólastíganna hafa unnið í sameiningu áherslur í vinnu með elstu börn leikskólans. Þær felast meðal annars í markvissri málörvun, félagsfærni, vináttu, virðingu og að taka tillit til annarra.⁴⁴ Í kjölfar opunar Eyrarsólar haustið 2013 unnu leik- og grunnskólakennarar skipulag á samstarfi deildarinnar og grunnskólans. Þar er meðal annars gert ráð fyrir að nemendur í 1. bekk heimsæki leikskólann sinn, tveir elstu árgangar leikskólanna sækja sérstaka árhátiðarsýningu 1.-4. bekkja grunnskólans. Nemendur 7. og 8. bekkja lesa fyrir nemendur leikskólanna og elstu börn leikskólans fara í heimsóknir í grunnskólann og fleira.⁴⁵

Engar upplýsingar eru um samvinnu leikskóla og grunnskóla eða skólaheimsóknir á heimasíðu leikskólans. Leikskólastjóri segir að gagnkvæmur skilningur og virðing ríki á milli skólastíganna.

Annað samstarf

Leikskólinn á samstarf við Bæjar- og héraðsbókasafn Ísafjarðar vegna vikulegra heimsóknna elstu barnanna. Þá segir leikskólastjóri að heimsóknir á Hlíf (íbúðir fyrir aldraða) og sjúkrahúsið séu tilfallandi, oft í tengslum við jólin. Í skoðun er samstarf vegna elstu barnanna við tónlistarskólann.⁴⁶

Styrkleikar:

- Foreldrar eru ánægðir með samstarf við leikskólann og aðkomu sína að uppeldisstarfinu.

⁴² Heimasíða Sólborgar.

⁴³ Heimasíða Sólborgar.

⁴⁴ Skipulag á samstarfi leik- og grunnskóla (Grunnskólinn á Ísafirði, Eyrarskjól, Sólborg og Eyrarsól).

⁴⁵ Samstarf á milli leikskóla og grunnskóla á Ísafirði.

⁴⁶ Upplýsingar frá leikskólastjóra.

- Foreldrar eru ánægðir með þær upplýsingar sem leikskólinn veitir þeim og eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við leikskólann.
- Foreldraráð og foreldrafélag eru starfrækt við leikskólann.
- Samstarf og reglulegir fundir eru milli leikskóla og grunnskóla.

Tækifæri til umbóta

- Huga mætti að því hvort mögulegt er að foreldrar af erlendum uppruna fái nauðsynlegar upplýsingar um leikskólastarfið á móðurmálinu.
- Gott væri að upplýsingar um samvinnu leikskóla og grunnskóla væri að finna á heimasíðu leikskólans.
- Stefna ætti að því að deildir veiti sambærilegar upplýsingar á svæðum deildanna á heimsíðu.

Sérfræðiþjónusta og sérkennsla

Ísafjarðarbær rekur skólaþjónustu sveitarfélagsins. Hlutverk hennar er rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar. Í því felst m.a. að veita grunnskólum og leikskólum sérfræðiaðstoð og ráðgjöf. Skólaþjónustan veitir einstaklingsþjónustu, greiningu og úrræði, t.d. sálfræðilega og kennslufræðilega greiningu námsvandamála og greiningu samskipta- og hegðunarvandamála. Foreldrar geta leitað til ráðgjafa skóladeildar með vandamál tengd skólagöngu barns sem upp koma, hvort sem um er að ræða námsárangur, hegðun eða líðan í skólanum. Skólastjórar, kennarar og aðrir starfsmenn skóla geta óskað eftir ráðgjöf vegna ýmissa atriða er lúta að skólaþróun, sjálfsmati skóla og öðru starfi innan skólans er þeir sinna. Ýmis vandamál má þó leysa innan skólans sjálfs.⁴⁷ Í samtali við leikskólastjóra kom fram að hann fundar reglulega með leikskólaráðgjafa sem starfar á Skóla- og tómstundasviði bæjarins og lítur á hann sem sinn bakhjarl.

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri (þroskaþjálfari) í 60% stöðu. Þegar grunur vaknar um að barn víki frá í þroska leita hlutaðeigandi, þ.e. foreldrar eða viðkomandi deildarstjóri, til sérkennslustjóra. Í kjölfarið meta þessir aðilar hvort send skuli beiðni um frekari athugun til skólaþjónustu Ísafjarðarbæjar. Eftir að beiðni hefur verið send er þegar hafist handa í vinnu með barnið á meðan beðið er eftir greiningu frá sérfræðingi skólaþjónustunnar.⁴⁸ Ferli sérkennslu á Sólborg er skriflegt og þar er greint frá því hvernig eigi að vinna þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að. Í skjalinu kemur fram hvaða lista og próf sérkennslustjóri notar til að finna hvar vandi barnsins liggur.⁴⁹ Ferlið er afar óljóst og þarf að setja niður í mun fastara form. Þar þarf að koma fram hvað er gert þegar grunur vaknar um að barn víki frá í þroska, hvernig er unnið á meðan beðið er eftir niðurstöðum athugana og hvernig vinna á að eftirfylgd. Starfsmenn skólans telja sig vita hvernig málin eru unnin en þó kom það ekki skýrt fram í viðtölum. Samkvæmt upplýsingum frá sérkennslustjóra, leikskólastjóra og stjórnendum er gott aðgengi að sérfræðingum skólaþjónustu og einnig hefur verið gott samstarf við sjúkrahúsið og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Þegar rætt var við sérkennslustjóra hafði hann verið í starfi í einn mánuð og hafði því ekki reynslu af starfinu og hefur ekki áður unnið í leikskóla. Fram kom að verkferlar eru ekki skýrir varðandi hans starf en hann fékk munnlegar upplýsingar frá fyrrverandi sérkennslustjóra. Leikskólinn hefur ekki sett sér stefnu um það hvernig sérkennslu skuli háttað eða áherslur í sérkennslu. Sérkennslustjóri sagði að slíkt sé metið fyrir hvert barn og að honum þyki mikilvægt að kennsla og íhlutun fari fram inni á deildum. Sérkennslustjóri situr deildarstjórafundum og

⁴⁷ Heimasíða Ísafjarðarbæjar.

⁴⁸ Viðtal við sérkennslustjóra.

⁴⁹ Ferli sérkennslu á Sólborg.

fer inn á deildarfundum og ræðir þar um vinnu vegna barna sem þurfa sérstaka íhlutun. Samkvæmt leikskólastjóra ber sérkennslustjóri ábyrgð á sérkennslunni í leikskólanum og heldur utan um allt er henni við kemur. Teymisfundir eru haldnir reglulega í málum þar sem eftirfylgdar er þörf, aðili frá sérfræðipjónustu Skóla- og tómstundasviðs kemur á teymisfundum ef óskað er eftir því.⁵⁰ Leitað er til Fjölmenningarseturs varðandi túlkapjónustu þegar á þarf að halda.

Í samtali við leikskólakennara kom fram að sérfræðipjónustan bjóði stundum upp á námskeið fyrir starfsmenn, sum þeirra eru ætluð öllum starfsmönnum bæjarins, svo sem námskeið í tölvufærni og fleira.

Styrkleikar

- Skólapjónusta sveitarfélagsins rekur sérfræðipjónustu fyrir leikskóla og eru starfsmenn og stjórnendur leikskólans sammála um að þeir hafi gott aðgengi að sérfræðingum þar.
- Sérkennslustjóri er í 60% starfi við leikskólann.
- Leiki grunur á að barn víki frá í þroska er leitað eftir sérfræðiráðgjöf frá skólapjónustu Ísafjarðarbæjar í samráði við foreldra.
- Sérkennslustjóri situr deildarstjórafundi og fer inn á deildarfundum og ræðir þar um vinnu vegna barna sem þurfa sérstaka íhlutun.
- Teymisfundir eru haldnir þar sem foreldri, sérkennslustjóri og leikskólakennari vinna saman að eftirfylgd vegna barna sem þurfa stuðning.
- Sérfræðingur frá skólapjónustu Ísafjarðarbæjar situr teymisfundum ef óskað er eftir því.
- Til er skjal um ferli sérkennslu á Sólborg.

Tækifæri til úrbótaumbóta

- Leikskólinn þarf að huga að því að móta og skrá stefnu í sérkennslumálum. Í tengslum við þá vinnu ætti að endurskoða ferli sérkennslu og setja það niður í mun ákveðnara form.
- Gera þarf skriflega verkferla fyrir starf sérkennslustjóra.
- Efla ætti símenntun alls starfsfólks.

⁵⁰ Viðtal við sérkennslustjóra.

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í skólastarfi leikskólans Sólborgar: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta og sérkennsla. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat úttektaraðila sett fram á sama hátt.

- Helstu styrkleikar leikskólans Sólborgar
- Stjórnskipulag leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Húsnæði leikskólans er bjart og rúmgott og uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.⁵¹
- Ákveðin stefna og hugmyndafræði er lögð til grundvallar í leikskólastarfinu.
- Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár og innleiðingu aðalnámskrár frá 2011. Samhliða endurskoðun námskrárinnar fer fram fræðsla og þjálfun í að vinna samkvæmt hugmyndafræði leikskólans.
- Leikurinn fær gott rými í dagskipulagi og lögð er áhersla á hann sem námsleið í leikskólastarfinu.
- Leikföng og efniviður er aðgengilegur fyrir börnin og þau hafa áhrif á verkefnaval.
- Leikskólinn hefur gert áætlun um aðlögun nýrra barna.
- Skriflegar reglur eru til um hvernig tekið er á móti börnum í upphafi dags og hvernig þau eru kvödd í lok dags.
- Lögð er áhersla á að skapa gott traust á milli leikskólans og foreldra og að mæta öllum börnum á þeirra forsendum.
- Samskipti í barnahópnum eru jákvæð.
- Góður starfsandi einkennir leikskólastarfið.
- Rætt er um einstök mál á deildarfundum, metið og skráð hvernig gengur.
- Starfsmannavelta hefur ekki verið mikil í leikskólanum.
- Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu.
- Allir starfsmenn fara reglulega í starfsmannasamtal.
- Samvinna stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins er góð og þessir aðilar funda reglulega.
- Samvinna leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er góð og verkaskipting skýr, þeir hafa gert með sér samtarfssamning.
- Ákvarðanataka er í höndum leikskólastjóra og stjórnunarteymis.
- Almenn sátt ríkir um stjórnun leikskólans meðal starfsmanna.

⁵¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

- Ítarleg og greinargóð áætlun um móttöku nýrra starfsmanna er á heimasíðu.
- Leikskólakennarar skrá stöðu barna í einstaklingsmöppur.
- Foreldrar eru ánægðir með leikskólastarfið og aðkomu sína að því.
- Foreldraráð og foreldrafélag eru starfrækt í leikskólanum.
- Foreldrar eru ánægðir með þær upplýsingar sem leikskólinn veitir þeim og eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við leikskólann.
- Samstarf við grunnskólann er í föstum farvegi og vinna leik- og grunnskólakennarar saman að skipulagi þess. Samstarf og reglulegir fundir eru milli leikskóla og grunnskóla.
- Skólaþjónusta Ísafjarðarbæjar veitir leikskólum sérfræðiráðgjöf og eru starfsmenn og stjórnendur leikskólans sammála um að þeir hafi gott aðgengi að sérfræðingum þar.
- Sérkennslustjóri er í 60% starfi við leikskólann.
- Sérkennslustjóri situr deildarstjórafundi og fer inn á deildarfundum og ræðir þar um vinnu vegna barna sem þurfa sérstaka íhlutun.

Teymisfundir eru haldnir þar sem foreldri, sérkennslustjóri og leikskólakennari vinna saman að eftirfylgd. Sérfræðingur frá skólaþjónustu sveitarfélagsins situr teymisfundi ef óskað er eftir því.

Tækifæri til umbóta

- Brýnt er að leita leiða til þess að fjölga leikskólakennurum á deildum leikskólans.
- Lokið verði við gerð nýrrar skólanámskrár fyrir 2015. Tryggja þarf aðkomu barna og foreldra að gerð skólanámskrár.
- Lagt er til að gerð verði deildarnámskrá fyrir Eyrarsól til tveggja ára sem tengist skólanámskrá Sólborgar.
- Leikskólinn taki upp kerfisbundið innra mat og leggi mat á árangur og gæði skólastarfsins. Byggt sé á gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni.
- Leikskólinn þarf að huga að því að móta og skrá stefnu í sérkennslumálum. Í tengslum við þá vinnu ætti að endurskoða ferli sérkennslu og setja það niður í mun ákveðnara form.
- Huga þarf að því hvernig hugmyndafræði leikskólans getur orðið sýnilegri í öllu starfi leikskólans og hvernig frjáls leikur er nýttur sem námsleið.
- Gera þarf verkferla um hvernig staðið skuli að mati á námi og velferð barna.
- Jafna þarf starfsaðferðir milli deilda varðandi þátttöku starfsfólks í leik og námi barnanna og því hvernig fylgst er með líðan barna í öllum aðstæðum.
- Huga þarf að því hvernig hægt er að sameina starfsmenn Sólborgar og Eyrarsólar í einn samheldinn starfsmannahóp, meðal annars í vinnu við nýja skólanámskrá.
- Huga mætti að vali á leikföngum og efniviði út frá hugmyndafræði leikskólans og nýtingu efnisveitunnar Re-Midu.

- Gera þarf skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans og formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsfólk.
- Í tengslum við skipuritið ætti leikskólinn að gera verkferla um ákvarðanatöku skýra og skriflega.
- Auka þarf áhrif barna á almennt skipulag og verkefnaval.
- Stefna ætti að því að deildir veiti sambærilegar upplýsingar um starfið á svæðum deildanna á heimsíðu.
- Gera þarf skriflega verkferla um færslu barna milli deilda.
- Huga mætti að því hvort mögulegt er að foreldrar af erlendum uppruna fái nauðsynlegar upplýsingar um leikskólastarfið á móðurmálinu.
- Gera þarf upplýsingar um samvinnu leikskóla og grunnskóla sýnilegar á heimasíðu leikskólans.
- Verkferlar vegna hegðunarvanda barna ættu að vera skriflegir.
- Bæta þarf hljóðvist í opnum rýmum Sólborgar.
- Leita þarf leiða til að bæta útileiksvæði Eyrarsólar.
- Meta þarf árangur tilraunaverkefnis vegna nýrrar deildar fyrir fimm ára börnin þegar verkefninu lýkur formlega.
- Eineltisáætlun leikskólans mætti vera ítarlegri varðandi þá staði og tíma sem starfsmenn þurfa að vera vakandi fyrir samskiptum barnanna og varðandi möguleg úrræði og forvarnir.
- Leikskólinn ætti að huga að því að gera skriflega viðbragðsáætlun ef vá ber að höndum sem tengist öllu samfélaginu, svo sem vegna mikils óveðurs eða snjóflóða.
- Huga þarf að gerð fjölmeningarstefnu fyrir leikskólann.
- Efla ætti símenntun alls starfsfólks.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum leiðir í ljós að börnunum í leikskólanum líður vel og starfsmenn leggja sig fram um að skapa þeim góð uppeldis og þroskaskilyrði. Leikskólinn hefur sett sér það markmið að starfa samkvæmt hugmyndafræði Reggio Emilia og að hluta til má greina þessa hugmyndafræði í daglegu starfi leikskólans. Bæta þarf almenna þekkingu starfsfólks á hugmyndafræðinni með það að markmiði að gera hana sýnilegri í starfi og umhverfi leikskólans. Starfsmenn hafa skráð leiðarljós í samskiptum þar sem meðal annars er lögð áhersla á að börnum og foreldrum sé sýnt hlýtt viðmót og að starfsmenn leggi sig fram um að veita góða þjónustu. Sýnilegt var að í leikskólanum er unnið að því að efla starfsandann og fram kom að starfsmenn og foreldrar báru traust til leikskólastjórans.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011

Auglýsing undirrituð af leikskólastjóra 9. ágúst 2013

Áfallaáætlun Sólborgar

Ársskýrsla Sólborgar 2012-2013

Dagsskipulag leikskólans

Eineltisáætlun Sólborgar

Ferill sérkennslu í Sólborg

Gögn frá leikskólastjóra

Heimasíða Ísafjarðarbæjar

Heimasíða Sólborgar

Jafnréttisstefna Ísafjarðarbæjar

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008

Niðurstöður ytra mats Ísafjarðarbæjar

Rýnihópur barna

Rýnihópur foreldra

Rýnihópur starfsmanna

Rýnihópur stjórnenda

Skipulag á samstarfi leik- og grunnskóla á Ísafirði

Símenntunaráætlun Sólborgar

Skólanámskrá Sólborgar

Skólastefna Ísafjarðarbæjar

Starfsáætlun Sólborgar 2013-2014

Upplýsingar frá leikskólastjóra

Viðtal við leikskólastjóra

Viðtal við sérkennslustjóra

Viðtal við formann fræðslunefndar

Önnur gögn sem leikskólinn lagði fram

